

## Námsáætlun í íslensku fyrir 6. bekk 2011-2012

Tímabil: 23. ágúst - 1. júní

7 kennslustundir á viku

Kennarar: Katrín M. Þorbjörnsdóttir 6.KMP og Unnur Valgeirsdóttir 6.UV

### Markmið

Markmið í íslensku eru í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla.

Unnið verður með eftirfarandi markmið úr áfangamarkmiðum í lok. 7. bekkjar.

#### Talað mál og hlustun

Nemandi á að

- ~ tjá sig skýrt og áheyrilega
- ~ flytja laust og bundið mál upphátt, með viðeigandi áherslum og túlkun og halda athygli áheyranda
- ~ geta endursagt það sem hann hefur lesið eða heyrt
- ~ segja skipulega frá
- ~ geta notið bókmennta- og afþreyingarefnis, upplestrar, leiksyninga og söngs
- ~ geta flutt og sungið algeng íslensk ljóð
- ~ kunna að hlusta og taka eftir og geta nýtt sér upplýsingar í töluðu máli
- ~ nýta sér myndefni og margmiðlunarefni með gagnrýnum hætti til fróðleiks og skemmtunar
- ~ hafa tekið þátt í leikrænni tjáningu og spuna

#### Lestur og bókmenntir

Nemandi á að

- ~ vera orðinn vel læs og hafa öðlast góðan lesskilning og fjölbreyttan orðaforða
- ~ gera sér grein fyrir aðalatriðum í texta og helstu efnisorðum
- ~ hafa þjálfast í mismunandi lestraraðferðum, svo sem nákvæmnislestri, leitarlestri og yfirlitslestri
- ~ geta lesið sér til ánægju og gert grein fyrir þeim áhrifum sem tiltekinn texti hefur á hann
- ~ geta notið þess að hlusta á upplestur og frásagnir
- ~ hafa lesið fornar og nýjar íslenskar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur og goðsögur
- ~ hafa kynnst öðrum menningarheimum með því að lesa þýddar sögur og ljóð
- ~ hafa lesið leikþætti og lært nokkur valin ljóð
- ~ þekkja fáein bókmenntafræðileg hugtök til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, samlíkingu og boðskap
- ~ þekkja nokkur frásagnarform bókmennta, svo sem smásögu, ævintýri, goðsögu og ljóð
- ~ geta aflað upplýsinga úr bókum, margmiðlunarefni og af Netinu og unnið úr þeim
- ~ geta unnið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum

#### Ritun

Nemandi á að

- ~ geta skrifað læsilega og af öryggi
- ~ hafa náð valdi á helstu atriðum stafsetningar og nokkurri færni í greinarmerkjasetningu
- ~ geta dregið út aðalatriði og endursagt efni úr ræðu og riti
- ~ geta skipulagt og orðað texta á þann hátt sem hæfir efni, til dæmis frásagnir, lýsingar, fréttir og fyrirmæli
- ~ hafa fengist við skapandi skrif og samið sögur og ljóð
- ~ kunna að ganga frá texta og geta nýtt sér stafsetningarorðabækur, leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn við ritun

#### Málfræði

Nemandi á að

- ~ hafa ræktað með sér áhuga á móðurmálinu og vitund um eigin málkunnáttu
- ~ geta nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun og stafsetningu
- ~ kunna að fletta upp orðum eftir stafrófsröð og að nýta sér upplýsingar í orðabókum
- ~ átta sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð
- ~ þekkja helstu einkenni orðflokka og beygingarformdeildir þeirra, svo sem kyn, tölu, fall, stigbreytingu, nútíð, þátíð og nafnhátt
- ~ gera sér nokkra grein fyrir mismunandi hlutverkum orða í texta
- ~ þekkja mun orðtaka og málshátta og hafa náð nokkurri leikni í að beita þeim
- ~ skilja að málfræðiþekking nýtist í tungumálanámi

*Ath. kennari áskilur sér rétt til breytinga á áætluninni! Ef ósamræmi er á milli áætlunar og heimanáms skal fara eftir því sem stendur á Mentor.*

## Námsáætlun

### Inntak

---

Megin viðfangsefni námssviðsins eru talað mál, hlustun, lestur, lesskilningur, bókmenntir, ritun, stafsetning, skrift og málfræði.

### Námsefni

---

Unnið er með Vanda málið - lesbók 1 og 2 og vinnubók 1 og 2. Auk þess verður unnið með Mál í mótun, Verkefni við Réttitunarorðabók, Málrækt 2 og 3, ljósrituð skriftarhefti og margvíslegt ítarefni.

Við tökum fyrir bókina Benjamín dúfa og í tengslum við hana verður unnin kjörbókarritgerð.

### Kennsluaðferðir og skipulag

---

Hafa skal í huga að nám í móðurmáli er heildstætt og hver þáttur námsins styður annan.

Nemendur eru æfðir í að lesa upphátt, flytja ljóð, endursegja ýmiss konar texta, gera grein fyrir máli sínu og segja skipulega frá. Þeir þjálfast einnig í að hlusta á aðra og tileinka sér efni sem flutt er.

Nemendum eru kynntar reglur um stafsetningu og greinarmerki og þeir fá æfingu í notkun þeirra. Þjálfun í ólíkum þáttum ritaðs máls stuðlar að betra valdi á málinu.

Lögð er áhersla á fjölbreytt orðaval við ritun og skýra framsetningu texta.

Bókmenntatextar verða lesnir og ætlast til þess að nemendur nýti þá til fróðleiks og skemmtunar. Rýnt verður í efni og innihald texta. Verkefni unnin með textum þar sem hvatt er til ritunar og munnlegrar tjáningar af ýmsu tagi t.d. frásagnar og rökræðu.

Málfræði er ætlað að efla skilning og áhuga nemenda á móðurmálinu og vekja þá til vitundar um eigin málkunnáttu. Nemendur læra helstu grunnhugtök málfræði og þjálfast í notkun þeirra. Málfræðikennsla á þessu stigi miðar að því að gera nemendur færa um að ræða mál og málfar og að gera þá meðal annars þannig að betri málnotendum. Mikilvægt er að nemendur geri sér grein fyrir að málfræðipækking nýtist í stafsetningu og tungumálanámi.

Áhersla verður lögð á fjölbreyttar kennsluaðferðir.

Mikil áhersla verður lögð á vönduð vinnubrögð, s.s. skrift og frágang.

### Námsmat

---

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Sjá töflu.

*Ath. kennari áskilur sér rétt til breytinga á áætluninni! Ef ósamræmi er á milli áætlunar og heimanáms skal fara eftir því sem stendur á Mentor.*

| Viðfangsefni, námsefni   | Kennsluáðferðir, vinnubrögð   | Mat  |
|--|---|--|
| Lestur og lesskilningur<br>Bækur, hljóðbækur, bókmenntatextar, fræðitextar, ljóð og blaðagreinar.                                      | Mikil áhersla lögð á að nemendur lesi margs konar texta, bæði í skóla og heima.<br><br>Nemendum gefinn kostur á að kynna áhugaverðar bækur og glæða þannig áhuga og forvitni annarra nemenda á bókum.<br><br>Lesskilningsáðferðar kenndar og nemendur hvattir til að beita þeim við lestur námsefnis. | <b>Lestrarpróf</b> verða nokkrum sinnum yfir veturinn.<br><br><b>Lesskilningspróf</b> verða lögð fyrir í október, janúar, mars og maí. |
| Bókmenntir<br>Vanda málið - Ekki málið, ýmsir textar.<br>Benjamín dúfa.  | Lesnir verða margs konar textar. Umræður og verkefni unnin.<br><br>Ritgerðarvinna á vorönn.   | Munnlegt próf í lok hvorrar annar.<br><br>Umsögn þar sem vinna vetrarins er metin.<br><br>Ritgerð metin.                               |
| Málfræði<br>Vanda málið - Ekki málið.<br>Unnið verður með andheiti, samheiti, rím, orðtök, málshætti, nafnorð, lýsingarorð og sagnorð. | Umræður og verkefni unnin.  | Sjálfsmat.<br><br>Munnlegar og/eða skriflegar kannanir í lok efnispáttá.<br><br>Skriflegt próf í lok skólaárs.                         |
| Ritun<br>Ritunarbókin.   | Í ritunarvinnu er lögð áhersla á að nemendur temji sér skapandi skrif. Ritunarvinna tengist viðfangsefnum margra námssviða.   | Umsögn þar sem vinna vetrarins er metin.   |
| Skrift<br>Skriftarhefti.   | Mikil áhersla lögð á að nemendur vandi stafdrætti og almenn vinnubrögð.   | Sjálfsmat í lok kennslustunda.<br><br>Umsögn þar sem vinna vetrarins er metin.   |
| Stafsetning<br>Mál í mótun.<br>Vanda málið - Ekki málið.   | Nemendur vinna verkefni sem þjálfa stafsetningarreglur.   | Endurgjöf frá kennara í kennslustundum.<br><br>Skriflegt próf í nóvember, mars og maí.   |

| Tímabil            | Dagar | bókmenntir                  | málfræði  | stafsetning  |
|--------------------|-------|-----------------------------|---|--|
| 22. - 26. ág.      | 4     | Vanda málið, valdir textar. | <b>Vanda málið, vinnubók 1.</b><br><br>Nafnorð (kyn, tala, fall, greinir)<br><br>Aðrir málfræðiþættir fléttaðir inn í nafnorðavinnuna.<br><br>Könnun. | <b>Mál í mótun, 1. hluti</b><br>Lesi bls. 8 - 9<br>1 Stafrófið |
| 29. ág. - 2. sept. | 5     | Vanda málið, valdir textar. |   | 2 Um sérhljóða, samhljóða, atkvæði og orð                      |
| 5. - 9. sept.      | 5     | Vanda málið, valdir textar. |   | 3  |
| 12. - 16. sept.    | 5     | Vanda málið, valdir textar. |   | 4 Skammstafanir  |
| 19. - 23. sept.    | 5     | Vanda málið, valdir textar. |   | 5 Skipting milli lína  |
| 26. - 30. sept.    | 4     | Vanda málið, valdir textar. |   | 6 Stór stafur  |

Ath. kennari áskilur sér rétt til breytinga á áætluninni! Ef ósamræmi er á milli áætlunar og heimanáms skal fara eftir því sem stendur á Mentor.

|                    |   |                               |   |  |
|--------------------|---|-------------------------------|---|--|
| 3. - 7. okt        | 2 | Vanda málið, valdir textar.   | <b>Vanda málið, vinnubók 1.</b><br><br>Lýsingarorð (kyn, stigbreyting, fall)<br><br>Aðrir málfræðiþættir fléttaðir inn í lýsingarorðavinnuna.<br><br>Könnun.  | <b>Vanda málið</b><br>Verkefni 5, 16 og 26   |
| 10. - 14. okt.     | 5 | Vanda málið, valdir textar.   |   | 7 Um sérhljóða á undan ng/nk   |
| 17. - 21. okt.     | 5 | Vanda málið, valdir textar.   |   | 8 Nafnorð með greini eða n/nn  |
| 24. - 28. okt.     | 3 | Vanda málið, valdir textar.   |   | 9 Um n, nn í endingum lýsingarorða, fornafna, sagnorða og smáorða  |
| 31. okt. - 4. nóv. | 5 | Vanda málið, valdir textar.   |   | 10 Meira um n og nn  |
| 7. - 11. nóv.      | 3 | Vanda málið, valdir textar.   |   | 11 Um endinguna -unn í kvenmannsnöfnum og fjórum kvenkynsorðum   |
| 14. - 18. nóv.     | 5 | Vanda málið, valdir textar.   | <b>Vanda málið, vinnubók 1.</b><br><br>Sagnorð (nútið, þátið, nafnháttur, veik og sterk beyging)<br><br>Aðrir málfræðiþættir fléttaðir inn í sagnorðavinnuna. | 12 Um n eða nn í karlmannsnöfnum og öðrum karlkynsorðum  |
| 21. - 25. nóv.     | 5 | Vanda málið, valdir textar.   |   | Skriflegt próf   |
| 28. nóv. - 2. des. | 5 | Vanda málið, valdir textar.   |   | 13   |
| 5. - 9. des.       | 5 | Vanda málið, valdir textar.   |   | 14 Tvöfaldur samhljóði í algengum orðum  |
| 12. - 16. des.     | 5 | Vanda málið, valdir textar.   |   | 15 Einfaldur eða tvöfaldur samhljóði í aukaföllum karlkynsnafnorða og karlmannsnafna sem enda á -ll eða -llur í nefnifalli |
| 19. - 20. des.     | 1 | Jólafrí                       |   |  |
| 2. - 6. jan.       | 3 | Vanda málið, valdir textar.   | Klára vinnubók.   | 16 Um stofn sagnorða og tvöfaldan samhljóða  |
| 9. - 13. jan.      | 5 | Munnlegt próf.                | Könnun.   | <b>Vanda málið</b><br>Verkefni 34, 40 og 42  |
| 16. - 20. jan.     | 5 | Benjamín dúfa, lestur         | Verkefni tengd Benjamíni dúfu.  | 17 Stofn sagnorða - stafavíxl og aðrar hljóðbreytingar   |
| 23. - 27. jan.     | 4 | Benjamín dúfa, lestur         | Verkefni tengd Benjamíni dúfu.  | 18 Stofn lýsingarorða og einfaldur eða tvöfaldur samhljóði   |
| 30. jan. - 3. feb. | 5 | Benjamín dúfa, ritgerðarvinna | <b>Vanda málið, vinnubók 2.</b><br><br>Nafnorð (kyn, tala, fall, greinir)<br><br>Aðrir málfræðiþættir fléttaðir inn í nafnorðavinnuna.<br><br>Könnun.         | 19 Um y, ý og ey   |
| 6. - 10. feb.      | 5 | Benjamín dúfa, ritgerðarvinna |   | 20 Meira Y, ý og ey  |
| 13. - 17. feb.     | 5 | Benjamín dúfa, ritgerðarvinna |   | 21 Enn meira um y, ý og ey   |
| 20. - 24. feb.     | 2 | Benjamín dúfa, ritgerðarvinna |   | 22 Um j í endingum orða  |

## Námsáætlun

|                    |   |                             |  |   |
|--------------------|---|-----------------------------|--|---|
| 27. feb. - 2. mars | 5 | Vanda málið, valdir textar. | <b>Vanda málið, vinnubók 2.</b><br><br>Lýsingarorð (kyn, stigbreyting, fall)<br><br>Aðrir málfræðiþættir fléttaðir inn í lýsingarorðavinnuna.<br><br>Könnun.                 | 23 Meira um j í endingum orða                       |
| 5. - 9. mars       | 5 | Vanda málið, valdir textar. |  | Skriflegt próf                                      |
| 12. - 16. mars     | 5 | Vanda málið, valdir textar. |  | <b>Vanda málið</b><br>Verkefni 7                    |
| 19. - 23. mars     | 5 | Vanda málið, valdir textar. |  | <b>Mál í mótun, 2 og 3. hluti</b><br>Valin verkefni |
| 26. - 30. mars     | 5 | Vanda málið, valdir textar. |  | <b>Mál í mótun, 2 og 3. hluti</b><br>Valin verkefni |
| 2. - 6. apr.       |   | Páskafri                    |  |   |
| 9. - 13. apr.      | 4 | Vanda málið, valdir textar. | <b>Vanda málið, vinnubók 1.</b><br><br>Sagnorð (nútið, þátið, nafnháttur, veik og sterk beyging)<br><br>Aðrir málfræðiþættir fléttaðir inn í sagnorðavinnuna.<br><br>Könnun. | <b>Mál í mótun, 2 og 3. hluti</b><br>Valin verkefni |
| 16. - 20. apr.     | 3 | Vanda málið, valdir textar. |  | <b>Mál í mótun, 2 og 3. hluti</b><br>Valin verkefni |
| 23. - 27. apr.     | 5 | Vanda málið, valdir textar. |  | <b>Vanda málið</b><br>Verkefni 26 og 57             |
| 30. apr. - 4. maí  | 4 | Vanda málið, valdir textar. |  | <b>Mál í mótun, 2 og 3. hluti</b><br>Valin verkefni |
| 7. - 11. maí       | 5 | Munnlegt próf.              |  | Skriflegt próf                                      |
| 14. - 18. maí      | 4 | Vanda málið, valdir textar. |  | <b>Mál í mótun, 2 og 3. hluti</b><br>Valin verkefni |
| 21. - 25. maí      | 4 | Vanda málið, valdir textar. |  | <b>Mál í mótun, 2 og 3. hluti</b><br>Valin verkefni |
| 28. maí - 1. júní  | 4 | Vanda málið, valdir textar. | <b>Mál í mótun, 2 og 3. hluti</b><br>Valin verkefni  |   |

Mat á áætlun og tillögur að breytingum

# GILJASKÓLI

*Ath. kennari áskilur sér rétt til breytinga á áætluninni! Ef ósamræmi er á milli áætlunar og heimanáms skal fara eftir því sem stendur á Mentor.*